
Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

13. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn mánudaginn 17. október 2016

kl. 08:15 í fundarsal B.S. bs. að Hringbraut 125.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Dagskrá.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Ný slökkvistöð.
 - Jón og Friðjón fara yfir framvindu mála við undirbúning teikninga og hönnunargagna fyrir byggingu nýrrar slökkvistöðvar. Stjórn felur þeim að halda áfram og láta gera verðkönnun á þessum þáttum.
2. Staða fjármála.
 - Jón fer yfir breytingu sem verður vegna launaflokkahækkunar í starfsmati sem kemur inn í fjárhagsáætlun 2017. Einnig segir hann frá því að búið er að stofna nýjan reikning í Landsbankanum sem verður með hærri vöxtum.
3. Starfsmannamál.
 - Laun aðstoðarvarðstjóra hækka um 2 launaflokka vegna breytinga á starfsmati og leggur formaður það til að stjórn samþykki það. **Stjórn samþykkir það.**
 - Einn starfsmaður hefur óskað eftir ársleyfi og hefur honum verið veitt það.
4. Skýrsla slökkviliðsstjóra
 - Jón segir frá ferð á slökkviliðssýningu til Birmingham sem hann og Ómar Ingimarsson deildarstjóri fóru, þar voru þeir að skoða þá þróun sem hafa orðið í þessum málum auk þess að skoða nýja slökkvibifreiðar.
 - Unnið hefur verið að viðhaldi bíla, t.d. dekkjaskipti á slökkvibifreiðar o.flr.
 - Byrjað er að taka varðstofu slökkvistöðvarinnar í gegn.
 - Jón fer yfir línurit yfir fjölda útkalla.
5. Önnur mál.
 - Bréf var sent til Umhverfissöfnunar vegna starfsemi United Silicon sem áætlað er að hefji starfsemi 24. Október. Hefur fyrirtækið ekki verið að skila inn viðbragðsáætlunum til Brunavarna Suðurnesja þó það sé tekið fram í starfsleyfi.

Fundi slitið kl. 09:15